

Ísfélag Vestmannaeyja - Þórshöfn
Eyrarvegi 16
680 Þórshöfn

Reykjavík, 6. mars 2020
UST201810-211/S.I.
08.10.01

Efni: Fiskimjölsverksmiðja Ísfélags Vestmannaeyja hf. á Þórshöfn - breyting á starfsleyfi

Umhverfisstofnunin hefur nú tekið ákvörðun um breytingu á starfsleyfi fyrir Vinnslustöðina hf. á Þórshöfn.

Starfsleyfi þetta, er gefið út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og gildir það til 31. janúar 2030 eins og áður.


Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Hjálagt er starfsleyfið. Greinargerð vegna breytingarinnar er í fylgiskjali 2 í starfsleyfinu.

Virðingarfyllt



Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri



Sigurður Ingason
sérfræðingur

STARFSLEYFI

Fiskimjölsverksmiðja

Ísfélag Vestmannaeyja hf.¹

Hafnarvegi 1, 680 Þórshöfn

Kt.: 660169-1219

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir fiskimjölsverksmiðju Ísfélag Vestmannaeyja hf. kt. 660169-1219 við Hafnarveg 1, 680 Þórshöfn. Ísfélag Vestmannaeyja hf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um til Umhverfisstofnunar að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi[...]². Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðila er heimilt að fela verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi viðkomandi öll tilskilin leyfi. Það er á ábyrgð rekstraraðila að fylgjast með hvort verktaki hafi öll tilskilin leyfi.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og öðrum fiskúrgangi, sem ætlaður er til endurvinnslu í verksmiðjunni. Verksmiðjunni er einnig heimil loðnuflokkun og hrognataka og að nýta í framleiðslu sína frákast frá þeirri vinnslu. Rekstraraðila er heimilt að framleiða úr allt að 950 tonnum af hráefni á sólarhring, með möguleika á heimild fyrir framleiðslu úr allt að 1.100 tonnum á sólarhring sbr. ákvæði til bráðabirgða. Starfsleyfi þetta gildir ekki um aðra vinnslu fiskafurða eða rekstur vélaverkstæðis.

1.3 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu [aðgengilegu]³ tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við

¹ Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út 31. janúar 2014 en var breytt 5. mars 2020.

² Breyting 2020, hér stóð áður: „, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“

³ Breyting 2020, hér stóð áður: „fánlegu“

mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir).

Besta [aðgengilega]⁴ tækni hefur verið skilgreind í „BAT Best Available Technology in the Fishing Industry, TemaNord 1997:579 © Nordic Council of Ministers, Copenhagen 1997“. Lýsingar á mengunarvörnum finnast einnig í „Best Available Techniques (BAT) in Nordic Slaughterhouses, Bat-report TemaNord 2001:553“ og „Reference Document on Best Available Techniques in the Slaughterhouses and Animal By-products Industries, May 2005 (IPPC)“. Verði breytingar á bestu [aðgengilegu]⁵ tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í gr. 1.7.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. [1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018]⁶. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi [eða endurskoða starfsleyfisskilyrði sbr. 14. gr.]⁷ reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Gera skal áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar. Í áætlun þessari skal rakið hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnaafgöngum, óunnu hráefni, afurðum, húsnæði og tækjum. Áætluninni skal skilað til Umhverfisstofnunar innan eins árs frá gildistöku starfsleyfis þessa. Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar samkvæmt áætluninni innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur.

Hvort sem rekstur stöðvast varanlega eða vegna tilfallandi vinnslustöðvunar skal alltaf lágmarka möguleg mengunaráhrif og skal tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni eða kyrrstætt fráveituvatn. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef vinnsla hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið [reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018]⁸. Við endurskoðun starfsleyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fiskimjölsverksmiðja séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar skal rekstraraðili sækja um nýtt starfsleyfi.

Við endurskoðun skal rekstraraðili leggja fram til Umhverfisstofnunar skýrslu um árangur við að nýta orku vel sbr. gr. 1.3.

⁴ Breyting 2020, hér stóð áður: „fáanlega“

⁵ Breyting 2020, hér stóð áður: „fáanlegu“

⁶ Breyting 2020, hér stóð áður: „1. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999“

⁷ Breyting 2020, hér stóð áður: „sbr. 2. mgr. 18. gr.“

⁸ Breyting 2020, hér stóð áður: „að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999“

1.7 Breyttar forsendur

Ef eftirfarandi aðstæður skapast;

- mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins,
- fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir,
- breytingar verða á bestu [aðgengilegu]⁹ tækni,

getur útgefandi starfsleyfis krafist endurskoðunar starfsleyfisins[...]¹⁰.

1.8 Valdsvið, [viðurlög]¹¹ og þvingunarúrræði

Ef rekstraraðili fylgir ekki ákvæðum starfsleyfis eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum [XVII.]¹² kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja á um framkvæmd úrbóta eða mælinga. Umhverfisstofnun er þannig heimilt að veita tilhlýðilegan frest til úrbóta [og]¹³ veita áminningu. [Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila.]¹⁴[...]¹⁵ Jafnframt er stofnuninni heimilt að stöðva eða takmarka [til bráðabirgða]¹⁶ starfsemi rekstraraðila sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarlegt tilvik. [Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða, og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað.]¹⁷

[Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.]¹⁸

1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn [og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við [6. gr. og]¹⁹ IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018]²⁰.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður skv. gr. 4.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti.

⁹ Breyting 2020, hér stóð áður: „fánlegu“

¹⁰ Breyting 2020, hér stóð áður: „sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999“

¹¹ Breyting 2020

¹² Breyting 2020, hér stóð áður: „VI.“

¹³ Breyting 2020

¹⁴ Breyting 2020

¹⁵ Breyting 2020, hér stóð áður: „og ákveða rekstraraðila dagsektir sinni hann ekki tilmælum stofnunarinnar.“

¹⁶ Breyting 2020

¹⁷ Breyting 2020

¹⁸ Breyting 2020

¹⁹ Breyting 2020, hér stóð áður: „ákvæði“

²⁰ Breyting 2020, hér stóð áður: „í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit“

1.10 [Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.]²¹

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

HRÁEFNI OG ELDSNEYTI

2.1 Löndun

Löndunarbúnaður skal vera þéttur. Allt löndunarvatn og vatn frá grófskolun lesta skal tekið til vinnslu í verksmiðju eða meðhöndlað í hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði gr. 2.16.

2.2 Uppsjávarfiskur

Magn reikulla basa í hráefni (TVN-gildi), sem tekið er til vinnslu í verksmiðju skal ekki fara upp fyrir 100 mg N/100 g (sjá fylgiskjal). Ef TVN gildi fer yfir 100 mg N/100 g, gilda ákvæði í 2. mgr. gr. 2.9.

Rekstraraðili skal gera kröfur um að afli sem kemur til vinnslu sé ísaður, kældur eða rotvarinn, eftir því sem unnt er, til að tryggja ferskt hráefni. Sé ekki hægt að koma því við skal rotverja eða ísa afla við löndun. Þetta gildir þó ekki um afla á vetrarvertíð sem unnin er innan þriggja sólarhringa frá veiðum.

2.3 Afskurður og annar fiskúrgangur

Afskurður og annar fiskúrgangur skal tekinn til vinnslu svo fljótt sem kostur er. Afskurður og annar fiskúrgangur skal rotvarinn, ísaður eða kældur í eftirfarandi tilfellum:

- Ef hann er fluttur frá fiskvinnslustöð þegar meira en sólarhringur er liðinn frá því að hann fellur til.
- Ef líkur eru á að vinnsla aflans í verksmiðju dragist meira en þrjá sólarhringa.

Afskurð og annan fiskúrgang skal vinna jafnóðum og hann berst ef vinnsla á bræðslufiski er í gangi. Verksmiðjan skal bræða allan afskurð og annan fiskúrgang innan sjö daga frá móttöku sé þess nokkur kostur.

2.4 Flutningstæki og hráefnismóttaka

Rekstraraðili, eða verktaki á hans vegum, skal annast flutninga á hráefni frá fiskvinnslustöðvum þ.e. afskurð og öðrum fiskúrgangi. Þó er heimilt að taka á móti afskurði og öðrum fiskúrgangi frá fiskisölum og fiskvinnslum sem staðsettar eru nálægt verksmiðju, enda uppfylli hráefnið mörk fyrir TVN gildi. Tæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheld og yfirbyggð eða með yfirbreiðslum og

²¹ Breyting 2020

viðurkennd af heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags. Gámar og ker sem notuð eru til geymslu og flutnings á afskurði og öðrum fiskúrgangi skulu vera lokuð og þétt.

Hráefnismóttaka og flutningstæki skulu vandlega þrífín strax að notkun lokinni og skal vera aðstaða til þess á lóð verksmiðjunnar. Frárennsli frá þvottaaðstöðu skal hreinsað með hreinsibúnaði t.d. safn- og fitugildru.

2.5 Hráefnisgeymslur

Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum geymslum eða lokuðum geymum. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu í verksmiðju eða meðhöndlað í hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði í gr. 2.16. Þetta á einnig við um vatn frá fyrstu skolun og skal halda því í lágmarki t.d. með háþrýstidælum.

Tæming hráefnisgeymsla skal vera sjálfvirk eftir því sem frekast verður við komið. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd skal skola hana með köldu vatni. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrifa þau vel að verki loknu. Akstur á óþrífnum moksturstækjum utan geymslusvæðisins er óheimill.

2.6 Blóðvatnsgeymar

Til staðar skulu vera geymar sem rúma allan vökva sem til fellur við löndun, hreinsun lesta og hráefnisgeymsla. Gera skal ráðstafanir til að vökvi úr yfirföllum geyma fari í gegnum sérstakan hreinsibúnað eða í gegnum fitugildru áður en hann berst til sjávar.

2.7 Rot- og þráavörn

Rot- og þráavarnarefni skulu vera jafndreifð og leitast skal við að nota sjálfvirkan skömmtunarbúnað.

2.8 Olíugeymar

Meðferð olíu skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. [884/2017]²², um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

LOFT

2.9 Loftmengun

Halda skal loftmengun í lágmarki með því að vinna ferskt hráefni og með búnaði sem eyðir mengandi efnum úr útblæstri.

Uppfylli hráefnið ekki kröfur sem gerðar eru til TVN gildis í gr. 2.2 skal rekstraraðili meta veðurfar, sérstaklega vindstyrk og stefnu og forðast vinnslu þegar vindátt er að byggð. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um slík tilvik eins fljótt og mögulegt er.

Losun frá olíubrennurum:

²² Breyting 2020, hér stóð áður „35/1994“

Fyrir losun í útblæstri frá olíubrennara gilda eftirfarandi mörk[ef hlutfall notkunar olíubrennara er yfir 3% af keyrslutíma verksmiðjunnar]²³:

Efnispáttur	Losunarmörk mg/Nm ^{3*}	Tímabil meðaltals
Ryk	100	1 sólarhringur

*Gildir fyrir [9%]²⁴ súrefnisinnihald (O₂) af rúmmáli.

2.10 Loftræsting frá tækjum og húsnæði

Afsog skal vera frá öllum tækjum í blautvinnslu svo sem sjóðurum, pressum, sniglum, tönkum og skilvindum. Loftræsta skal frá tækjum í mjölvinnslu svo sem mjölkvörn og mjölkæli og loftið tekið í gegnum hreinsibúnað. Loftræstingu frá tækjum skal hanna á þann hátt, að sem minnst af ómenguðu lofti sé dregið með. Húsnæði skal loftræst þannig að undirþrýstingur sé í húsinu t.d. með loftkælingu innandyra. Leita skal markvisst leiða til að halda stöðugum undirþrýstingi á húsinu við vinnslu. Ræstiloftið skal leitt í skorstein. Loft sem notað er til kælingar á mjöli skal rykhreinsað. Afsog frá öðrum tækjum til meðhöndlunar á mjöli skal einnig rykhreinsað.

2.11 Útblástursloft þurrkara

Loft frá gufupurrkurum skal endurnýta t.d. með því að leiða það í gegnum glatvarmataeki, og eyða í því lykt. Loft frá loftþurrkurum skal leiða í gegnum rykhreinsibúnað t.d. sýklóna og síðan til lyktareyðingar.

2.12 Hreinsun útblásturslofts

Hreinsa skal allt útblástursloft frá gufupurrkara og afsogsloft frá vinnsluferlum. Kæla skal loftið vel, til dæmis með sjó í sjóturni og eyða lykt í efnaturni með klórefnum eða með annarri jafn virkri aðferð svo sem brennslu í brunahólfi við 800°C í a.m.k. 1/3 sek.

2.13 Skorsteinn

Að lokinni eyðingu lyktar skal leiða útblástursloft út í gegnum skorstein sem er ekki lægri en ein og hálf húshæð miðað við gólfhlöt verksmiðjuhúss og nærliggjandi húsa og í nægilegri hæð til að ekki sé stuðlað að niðurdrætti. Hraði útblásturslofts skal ekki vera minni en 20 m/s til þess að koma í veg fyrir niðurdrátt. Umhverfisstofnun getur samþykkt lægri lofthraða, með hliðsjón af hæð og hönnun skorsteins. Í því tilviki þarf rekstraraðili að leita til fagaðila til að reikna út mögulegt loftdreifilíkan og rökstyðja með þeim hætti að minni lofthraði í strompi hafi ekki aukin umhverfisáhrif.

²³ Breyting 2020

²⁴ Breyting 2020, áður var miðað við 3%

VATN

2.14 Soðeimingartæki

Soðeimingartæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum og skal ekki ofhlaða þau. Allt soðvatn skal nýta.

2.15 Hreinsivökvi

Þegar notuð eru ætandi efni, svo sem vítissóði og saltpéturssýra, til hreinsunar á tækjabúnaði t.d. soðkjarnatækjum og skilvindum, skal hreinsivökvanum dælt í geymi og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar honum er veitt til sjávar, skal sýrustigið (pH) vera innan þeirra marka sem fráveitan er gerð fyrir.

2.16 Hreinsun frárennslis frá vinnslu

Frárennslis frá löndunarbúnaði, hráefnisgeymslum og vinnslu skal meðhöndla í hreinsibúnaði áður en því er veitt til sjávar. Búnaðurinn skal vera sjálfhreinsandi og skal endurvinna fitu og föst efni. Eftir uppsetningu hreinsibúnaðar skal mæla fitu, svífefni og COD í frárennslis hans til að staðfesta virknina.

Annað frárennslis verksmiðjunnar sem ekki er leitt í hreinsibúnað skal leiða í fitugildru áður en því er veitt til sjávar. Þetta á við um frárennslis frá gólfum, plönum og frá þrifum. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur.

Frárennslis skal uppfylla skilyrðin sem fram koma í gr. 2.17. Ef losun er yfir þeim mörkum sem fram koma þar getur Umhverfisstofnun krafist frekari hreinsunar á frárennslis.

Stærð og gerð hreinsibúnaðar er háð samþykki Umhverfisstofnunar. Fráveitulagnir skulu uppfylla ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

2.17 Losunarmörk á frárennslis

Eftirfarandi losunarmörk og tímamörk gilda fyrir frárennslisvatn:

Efnisþáttur	Losunarmörk	Tímabil meðaltals
Fita (oil & grease)	100 mg/l	1 sólarhringur
Svífefni	300 g/t hráefnis*	1 sólarhringur
COD(efnafræðileg súrefnisþörf)	1,5 kg/t hráefnis*	1 sólarhringur

* Miðað við heildarlosun frá verksmiðjunni, en heimilt er að draga frá magn þessara efna í sjó sem tekinn er inn í fráveitu.

2.18 Annað frárennslis

Frárennslis frá snyrtingum skal leiða í almenningsfráveitu. Þar sem það er ekki framkvæmanlegt skal hreinsa frárennslis í hreinsunarbúnaði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

ÚRGANGUR

2.19 Almennt

Stuðlað skal að endurnýtingu og draga skipulega úr myndun úrgangs. Úrgangi skal komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar.

ANNAÐ

2.20 Hávaði

Rekstraraðili skal draga úr hávaða frá verksmiðjunni eins og kostur er og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)LAeq á iðnaðarsvæði og 55 dB(A)LAeq í íbúðabyggð.

2.21 Lýsisgeymar og lekavarnaþró

Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró. Rúmtak lekavarnar skal vera sem hér segir: Fyrir einn geymi skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd geymis. Ef fleiri en einn geymir er í sömu lekavörn skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd stærsta geymis í lekavörninni að viðbættri rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar. Hafi rekstraraðili aðgang að olúflotgirðingu, sem er a.m.k. 130 metrar að lengd, til að hefta útbreiðslu lýsis sem fer í sjó, er heimilt að minnka rýmd lekavarna í 60%. Rekstraraðili skal skila inn til Umhverfisstofnunar staðfestingu á því að notkun flotgirðingar sé æfð á a.m.k. 5 ára fresti.

Á frárennsli þróar skal vera lokunarbúnaður af viðurkenndri gerð og hann þannig staðsettur að ekki sé hætt á því að hann verði fyrir hnjaski. Lokinn skal standa lokaður nema þegar þróin er tæmd.

2.22 Athafnasvæði

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Ekki skal geyma vélarhluta eða annað lauslegt dreift um rekstrarsvæðið og fiskúrgang skal fjarlægja af lóð þegar í stað. Allar akstursleiðir við verksmiðju og plön við verksmiðjudyr skulu lagðar bundnu olú- og fituþolnu slitlagi.

2.23 Hreinlætisáætlun fyrir gólf verksmiðjuhúss og önnur svæði

Gólf í verksmiðjuhúsi og öðrum svæðum sem geta lyktað, skal haldið hreinum. Gera skal hreinlætisáætlun til að sporna gegn lykt í verksmiðjuhúsum og utan þeirra.

2.24 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. [888/2015]²⁵ um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

²⁵ Breyting 2020, hér stóð áður: „750/2008“

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 4.4.

3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

3.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði þ.e. lyktareyðingarbúnaði, fitugildru og öðrum hreinsibúnaði fyrir frárennsli.
- Tæmingu fitugildru ásamt staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar.
- Allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. [1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs]²⁶. Notkun efna sbr. gr. 2.24, þar með talin rotvarnarefni og efni notuð í efnaturni.
- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Framkvæmd hreinlætisáætlana skv. gr. 2.23.
- [Hlutfall notkunar olíubrennara af keyrslutíma verksmiðjunnar. Sé því sleppt er gengið út frá því að notkun olíubrennara sé meiri en 3% af keyrslutíma verksmiðjunnar.]²⁷

3.2 Eftirlitsmælingar

Gera skal eftirfarandi mælingar þegar verksmiðjan er í fullri vinnslu og skulu niðurstöður vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

²⁶ Breyting 2020, hér stóð áður: „184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang]

²⁷ Breyting 2020

- Ástand landaðs hráefnis t.d. hitastig og TVN gildi.
- TVN-gildi og hitastig hráefnis sem tekið er til vinnslu skal mæla að lágmarki einu sinni á dag, á föstum fyrirfram ákveðnum tímum, t.d. í byrjun vakta og alltaf þegar skipt er um hráefnisgeymslu eða farm. Taka skal fleiri mælingar sama dag ef TVN gildið fer yfir 100 mg N/100 g. Allar mælingar á TVN skulu aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.
- Fitu, svifefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar skal mæla árlega. Mælt skal í frárennsli frá fitugildru og öðrum hreinsibúnaði og skal mælingin ná yfir einn sólarhring (meðalsýni) meðan vinnsla er í gangi og skal viðeigandi aðstaða fyrir sýnatöku vera til staðar. Einnig er heimilt að mæla fitu, svifefni og COD í sjó sem tekinn er inn í fráveitu og fá þannig út losun sbr. losunarmörk í gr. 2.17.
- Framkvæma skal rennismælingar í frárennsli á sama tíma og sýnataka fer fram.
- Eftirlitsaðili getur jafnframt farið fram á mælingar á sýrustigi við losun sýru og vítissóða í frárennsli telji hann ástæðu til.
- Mælingar á útblásturshraða í skorsteini. Mæla skal útblásturshraða einu sinni á starfsleyfistíma, fyrir 1. janúar 2015. Sé útblásturshraði nægjanlegur þarf ekki að endurtaka mælinguna á starfsleyfistímanum, nema gerðar verði breytingar sem ætla má að geti valdið breyttum útblásturshraða.
- Rekstraraðili getur látið mæla BOD í stað COD, kjósi hann svo, og skal þá skila útreiknuðu COD-gildi til eftirlitsaðila auk hins mælda gildis.
- Framkvæma skal mælingar á ryki í úblæstri allra olíubrennara fyrir árslok 2014 og getur Umhverfisstofnun krafist frekari mælinga, þyki ástæða til.

3.3 [Umhverfisupplýsingar]²⁸

Rekstraraðili skal [skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti]²⁹. Eftirlitsmælingum í gr. 3.2 skal skilað með [umhverfisupplýsingum]³⁰. Rekstraraðili skal [skila umhverfisupplýsingum]³¹ í samræmi við reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald [og reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.]³². Skila skal niðurstöðum [umhverfisupplýsinga]³³ fyrir 1. maí ár hvert.

3.4 Hávaði

Eigi síðar en í árslok 2015 skal mæla hávaða frá verksmiðjunni. Mælingin skal gerð þegar verksmiðjan er í fullri starfsemi og miðast við það hvort fylgt sé kröfum í gr. 2.20.

²⁸ Breyting 2020, hér stóð áður: „Grænt bókhald og útstreymisbókhald“

²⁹ Breyting 2020, hér stóð áður: „færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald“

³⁰ Breyting 2020, hér stóð áður: „grænu bókhaldi“

³¹ Breyting 2020, hér stóð áður: „einnig færa útstreymisbókhald“

³² Breyting 2020

³³ Breyting 2020, hér stóð áður: „græns bókhalds og útstreymisbókhalds“

4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal tryggja gæði hráefnis eins og best verður á kosið með markvissum vinnubrögðum sem miða að því að halda mengun lofts og lagar í lágmarki. Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

4.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

4.3 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfað samkvæmt eigin kerfi.

[...]³⁴

4.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004 og vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila.

4.5 Tilkynning vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað gripið til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

³⁴ Breyting 2020, hér stóð áður: [Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt skv. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999, að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.]

4.6 Tryggingar vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

4.7 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. [550/2018]³⁵. [...] ³⁶

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits samkvæmt 3. mgr. [62.]³⁷ gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

4.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

5. Umhverfissvöktun

5.1 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfispáttum í nágrenni verksmiðjunnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins og vöktunarkröfur vegna alþjóðlegra samninga sem Ísland á aðild að. Umhverfisstofnun mun meta þörf á sérstakri vöktunaráætlun hverju sinni eða þátttöku rekstraraðila í sameiginlegum vöktunaráætlunum.

5.2 Mælingar á frárennsli

Rekstraraðili skal láta framkvæma heildarúttekt á losun mengandi efna í samráði við Umhverfisstofnun. Mælingar skal gera á fitu, svifefni og COD og/eða BOD í sýnum sem tekin eru samhliða rennismælingum. Úttektin skal taka fyrir vinnslu á helstu tegundum bræðslufisks sem tekinn er til vinnslu í verksmiðjunni og gera bæði grein fyrir vetrarvinnslu og sumarvinnslu. Gera skal rennismælingar í frárennislögnum verksmiðjunnar annars vegar miðað við venjulega vinnslu og hins vegar við löndun. Mælingarnar skulu vera eins áreiðanlegar og kostur er og gera skal grein fyrir mæliaðferðum og atriðum sem geta haft áhrif á túlkun niðurstaðna og ráðstöfunum til að bregðast við skekkjuvöldum í mælingum, svo sem seltu og aðstæðum við rennismælingar. Gæta skal að því að mæliraðir séu nógu langar til að forðast tilfallandi

³⁵ Breyting 2020, hér stóð áður: „786/1999, um mengunarvarnaeftirlit“

³⁶ Breyting 2020, hér stóð áður: „Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði gr. 7.4 og 9.1 í reglugerðinni.“

³⁷ Breyting 2020, hér stóð áður: „28.“

skekkjur og óvissu. Á grundvelli mælinganna skal meta heildarlosun lífrænna efna frá verksmiðjunni þannig að áhrif á umhverfið og hugsanlegt verðmætatap liggi fyrir. Við úttektina er heimilt að samnýta mælingar skv. gr. 3.2.

Rekstraraðili skal skila til Umhverfisstofnunar niðurstöðum þessarar úttektar fyrir 1. maí 2016 ásamt upplýsingum um heildarmagn unnins hráefnis þann tíma sem könnunin nær yfir.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í [IX. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit]³⁸. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. [Starfsemin skal flokkuð í gjaldflokk skv. áhættumati eftirlits sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018]³⁹. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. [550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit]⁴⁰, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 31. janúar 2030. Með gildistöku þessa starfsleyfis fellur úr gildi eldra starfsleyfi verksmiðjunnar frá 7. október 2002 sem útgefið var af Hollustuvernd ríkisins.

³⁸ Breyting 2020, hér stóð áður: „2. eftirlitsflokk samkvæmt lið 1a í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“


³⁹ Breyting 2020

⁴⁰ Breyting 2020, hér stóð áður: „785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“


Ákvæði til bráðabirgða

Ef rekstraraðili fyrirhugar aukningu á framleiðslu verksmiðjunar í allt að 1.100 tonn hráefnis á sólarhring þarf hann að tilkynna það til Skipulagsstofnunar sem framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. Ef Skipulagsstofnun úrskurðar að aukningin er ekki matsskyld verður heimild þessa starfsleyfis 1.100 tonn hráefnis á sólarhring. Ef Skipulagsstofnun úrskurðar að ofangreind aukning er matsskyld þá frestast heimild til aukningar þar til mati er lokið og Umhverfisstofnun hefur ákveðið hvort gera þurfi breytingar á leyfinu í kjölfarið.

Reykjavík [6. mars 2020]⁴¹



Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri



Sigurður Ingason
sérfræðingur

⁴¹ Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út 31. janúar 2014 en var breytt 5. mars 2020.

Viðauki

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi greinum starfsleyfisins eru skiladagar tilgreindir:

- Samkvæmt gr. 1.5 skal rekstraraðili skila áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar innan eins árs frá gildistöku starfsleyfisins.
- Í gr. 3.2 er ákvæði um að mæla skuli útblásturshraða einu sinni á starfsleyfistíma, fyrir 1. janúar 2015.
- Í gr. 3.2. er ákvæði um að mæling skuli gerð á úblæstri frá olíubrennurum fyrir árslok 2014.
- Í gr. 3.3 er ákvæði um að skila skal niðurstöðum [umhverfisupplýsinga]⁴² fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 3.3 er ákvæði um að skila skal niðurstöðum útstreymisbókhalds fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 3.4 segir að eigi síðar en í árslok 2015 skuli mæla hávaða frá verksmiðjunni.
- Í gr. 5.2 segir að rekstraraðili skuli skila til Umhverfisstofnunar niðurstöðum heildarúttektar á losun mengandi efna fyrir 1. maí 2016.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

Fylgiskjal

Ákvörðun losunarmarkna:

- i. Mörk í gr. 2.2 fyrir reikula basa í hráefni eru ákvörðuð út frá því að brennisteinsvetni byrjar að myndast í fiskhráefni við TVN gildi 50 - 100 mg N/100 g (Reference Document on Best Available Techniques in the Slaughterhouses and Animal By-products Industries, May 2005 (IPPC), bls. 321).
- ii. Losunarmörk á ryki í gr. 2.9 eru sett 100 mg/Nm³, sem eru þau mörk sem að olíubrennari í viðunnandi ástandi ætti að geta náð.
- iii. Losunarmörk á fitu (oil & grease) í gr. 2.17 eru þau sömu og í sambærilegum norskum leyfum (<http://www.norskeutslipp.no/no/Diverse/Virksomhet/?CompanyID=5336>).
- iv. Losunarmörk á svifefni í gr. 2.17 eru þau sömu og í sambærilegum norskum leyfum (<http://www.norskeutslipp.no/no/Diverse/Virksomhet/?CompanyID=5336>).
- v. Losunarmörk á COD í gr. 2.17 eru eins og í sambærilegum leyfum.

⁴² Breyting 2020, hér stóð áður: „græns bókhalds“

[Fylgiskjal 2

Greinargerð vegna auglýsingar og vinnslu breytingar á starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja hf. á Þórshöfn

1. Almennt

Umsókn um breytingu á starfsleyfi Ísfélags Vestmannaeyja hf. á Þórshöfn á sér aðdraganda í samskiptum sem átt hafa sér stað milli Umhverfisstofnunar og Félags íslenskra fiskmjölsframleiðanda um rykmörk í olíubrennurum í fiskimjölsverksmiðjum. Í minnisblaði sem gert var af verkfræðistofunni Mannvit fyrir félagið kom fram að þegar um er að ræða stuttan rekstrartíma er erfiðara að ná losunarmörkum í olíubrennurum. Í minnisblaðinu má einnig finna yfirlit um hvað hægt sé að gera til að draga úr rykmyndun. Bent hefur verið á af hálfu fiskimjölsverksmiðjanna að stefnt sé að rafmagnsvæðingu verksmiðjanna. Ekki er þó við því að búast að verksmiðjan á Þórshöfn verði rafvædd alveg á næstunni. Umhverfisstofnun setti rykmörk á olíubrennara hjá henni við útgáfu starfsleyfis 2014 en slík mörk voru ekki í eldra starfsleyfi. Umhverfisstofnun hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að mótteknum sjónarmiðum iðnaðarins að rýmka megi losunarmörkin frá þeim sem sett voru 2014 með þeim hætti að breyta viðmiðun um súrefnisprósenta að rauntölum og fellst á að hækka hana fyrir fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja hf. á Þórshöfn hf. úr 3% í 9% að fenginni umsókn þar um. Þetta byggir meðal annars á þeim rökum að mælingar hafa almennt sýnt hærri súrefnisprósentu en 3% í olíubrennurunum og hefur mest mælst 13,5 % af súrefni. Þykir því rétt að fallast á aðra raunhæfari viðmiðun hvað þetta varðar fremur en að fylgja eftir losunarmörkum með óbreyttri súrefnisviðmiðun.

Einnig hefur verið fallist á að losunarmörkin falli úr gildi ef hlutfall notkunar olíubrennara nær ekki 3% af keyrslutíma verksmiðjunnar. Því er ákvæði í starfsleyfinu ákvæði (grein 3.1) um skráningar á keyrslutíma olíubrennara samanber brennslu með rafmagni. Þetta hefur þó að líkindum ekki áhrif á þessa verksmiðju vegna þess að ólíklegt er að hún verði keyrð á rafmagni.

2. Athugasemdir

Tillaga að breyttu starfsleyfi var auglýst opinberlega á vefsíðu Umhverfisstofnunar á tímabilinu 22. janúar til 20. febrúar 2020. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Gerðar voru smávægilegar lagfæringar á gr. 1.8 og rituð greinargerð.⁴³

⁴³ Breyting 2019.